

Fundargerð 102. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: mánudagurinn 31.03.2025 klukkan 16:15 á Teams:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Helga Guðmundsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Hinrik Konráðsson fulltrúi foreldra í foreldraráði og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Kristinn Jónasson kom inn á fund undir lið 2.

Björg Ágústsdóttir formaður setti 102. fund skólanefndar FSN.

Dagskrá:

1. Ársskýrsla færð til næsta fundar.
2. Rekstrarniðurstöður fyrra árs.

Fjármálastjóri fór yfir helstu tölur vegna ársreiknings á árinu 2024.




Fjölbrautaskóli Snæfellinga



Fjölbrautaskóli Snæfellinga 02-367 Ársreikningur 2024

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 383,3 milljónir
og afkoma kr. **-2,7 milljónir**



Fjárveitingar fóru úr 352 m.kr. á árinu 2023 í 364 m. kr. á árinu 2024.
Laun fóru úr 283 m.kr. á árinu 2023 í 293 m.kr. á árinu 2024.




Fjölbrautaskóli Snæfellinga



Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	364.673.522	352.236.659
Aðrar tekjur	3	7.503.000	5.973.000
Seld þjónusta	4	2.436.911	2.418.606
Vörusala		150.000	90.000
Framlög og ýmsar tekjur	5	5.518.993	9.689.154
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	3.043.125	3.165.421
Tekjur samtals		383.325.551	373.572.840
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	292.562.672	283.203.229
Annar rekstrarkostnaður	7	90.403.795	82.540.859
Afskriftir og niðurfærslur	8	3.043.125	3.165.421
Gjöld samtals		386.009.592	368.909.509
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(2.684.041)	4.663.331
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		137	0
		137	0
Afkoma ársins		(2.683.904)	4.663.331
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum	2		
Rekstur		(4.088.904)	4.663.331
Rekstrartilfærslur		1.405.000	0
		(2.683.904)	4.663.331



Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 8 m.kr. milli ára.



Fjölbrautaskóli Snæfellinga




Skýringar

	2024	2023
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	631.748	89.786
Byggingarvörur, almennar	45.281	79.532
Ymis tæki og áhöld	144.967	170.704
Varahlutir og viðhaldsvörur	11.494	95.101
Orkugjafar	9.296.717	8.919.735
Matvæli	5.278.782	2.728.714
Almennar rekstrarvörur	526.387	684.549
Vörukaup, almenn	15.935.376	12.768.121
Kennslu- og fönðurvörur	120.371	281.218
Ymsar sérgreindar vörur	74.292	0
Vörukaup, sérgreind	194.663	281.218
Fundir, námskeið, risna	1.197.458	483.264
Ferðir, upphald	2.280.907	2.306.409
Akstur	1.405.390	1.210.298
Sérfræðipjónusta	4.450.540	3.845.617
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	80.059	84.099
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	655.632	227.533
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	352.225	372.715
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ymis sérfræðipjónusta	10.422.211	8.529.935
Afnotagjöld	3.120.007	3.471.336
Leigugjöld	58.861.179	54.970.622
Notkun véla og flutningatækja	405.776	126.000
Verkaup	753.129	1.121.397
Kostnaðarhlutdeild	498.589	976.814
Opinber gjöld	137.025	122.525
Tilfærslur	75.840	152.891
Leigugjöld, verkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	63.851.545	60.961.585
Annar rekstrarkostnaður samtals	90.403.795	82.540.859
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	3.036.185	3.161.629
Farartæki og vélar	3.792	3.792
Aðrar eignir	3.148	0
	3.043.125	3.165.421
9 Handbært fé		
Sjóðir	0	2.656
Tékkareikningar	3.167.610	7.904.686
	3.167.610	7.907.342

Helstu skýringar milli ára. Bækur, ritföng, filmur ofl.: Mjög lítið keypt af bókum, ritföngum, prenthylkjum o.p.h. á árinu 2023. Þessi mikli munur milli 2023-2024 er vegna kaupa á birgðum af útskriftarmöppum (Múalundur að hætta), pennum (afmælisár) og prenthylkjum. Matvæli: Breyting á rekstri mötuneytis milli ára, kaupum nú máltíðir af Grundarfjarðarbæ. Matvæli hækkað mikið en einhver lækkun á launalið á móti. Fundir, námskeið, risna: Munurinn á milli ára skýrist af 20 ára afmæli FSN á árinu 2024. Auglýsingar og kynningarstarfsemi: Gefið í auglýsingum á árinu 2024, farið á söngvakeppni framhaldsskólanna í merktum bolum og afmælisár. Húsaleiga: FSN greiðir rúmlega 4,5 m.kr. á mánuði í húsaleigu á FSN og 336 þús. kr. í húsaleigu á framhaldsdeildinni. FSN leigir einnig íþróttahús Grundarfjarðar (um 800 þús. á árinu 2024). Kostnaðarhlutdeild: FS netinu var sagt upp á árinu 2024 og er nú keypt internet af Sýn hf.

Ársreikningur vegna ársins 2024 er á heimasíðu skólans, sjá [hér](#).



3. Endurskoðun á gjaldskrá og reglum vegna útleigu á húsnæði FSN.

Hlutverk skólanefndar skv. lögum um framhaldsskóla (92/2008) er að vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr.


Reglur um útleigu á húsnæði Fjölbautaskóla Snæfellinga

1. Heimilt er að leigja húsnæði FSN til ýmis konar fundarhalda, námskeiðshalds og annarra samkoma til félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja. Einnig til einstaklinga vegna veislna.
2. Neysla áfengis er óheimil í húsnæði skólans nema með sérstöku leyfi skólameistara.
3. Gert er ráð fyrir að húsið verði leigt eftir að venjulegri starfsemi lýkur, þ.e. eftir kl. 16:00 mánudaga til fimmtudaga, eftir kl. 15:00 á föstudögum og um helgar. Gert er ráð fyrir að húsið sé ekki leigt lengur en til kl. 23:00 á virkum dögum og til kl. 24:00 um helgar.
4. Leigugjald er:

Stök rými (20 – 30 manns)	7.000 kr. pr. klst.
- lágmarksgjald	10.000 kr.
Matsalur (80-100 við borð/u.þ.b. 200 í sæti).....	35.000 kr. pr. kvöld
- frá kl. 8:00 – kl. 24:00	50.000 kr. pr. dagur
Aðalnámsrými (150-170 við borð/300-350 í sæti).....	85.000 kr. pr. dagur
Útleiga vegna veislu (salir og eldhús).....	130.000 kr. pr. dagur
Útleiga vegna veislu (matsalur og eldhús)	65.000 kr. pr. dagur
5. Leiga miðast við venjulega uppröðun í matsal og námsrými. Þurfi að breyta því þarf að greiða fyrir það sérstaklega, 7.000 kr. klst. Uppröðun í matsal og námsrými tekur yfirleitt um það bil 4 klst.
6. Starfsmaður skólans afhendir leigutaka lykla og fer yfir húsakynninn. Ef leigutaki þarf á frekari þjónustu að halda er rukkað fyrir það sérstaklega kr. 7.000,- pr. klst.
7. Innifalið í leigugjaldi er ræsting, afnot af skjávörpum og hljóðkerfi.
8. Gerð er krafa um góðan frágang og yfirborðsþrif, það er fara út með allt rusl o.s.frv.
9. Ef frágangur telst ekki fullnægjandi er rukkað aukalega fyrir það tímagjald, kr. 7.000,- pr. klst.
10. Leigutaki er ábyrgur fyrir skemmdum á húsnæði og búnaði sem hann leigir og þar með skaðabótaskyldur verði hann valdur að skemmdum.
11. Kvöldleiga telst vera kl. 16:00 – 23:00.
12. Aðalnámsrými er eingöngu hægt að leigja um helgar.
13. Útleiga á sumartíma er háð sumarleyfum starfsfólks. Ekki er hægt að leigja í júlí vegna sumarleyfa.
14. Ef moka þarf bílastæði vegna útleigu þá bætist sú fjárhæð við reikning.

Reglur þessar voru kynntar skólanefnd 31. mars 2025.

Skólanefnd gerir ekki athugasemd við gjaldskrárbreytingar og reglur á útleigu FSN.



4. Kynning á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla.


Skólameistari lagði fram til kynningar.

5. Laun vegna setu á skólanefndarfundum.

Skólanefnd FSN á inni greiðslur vegna 9 funda og eru nefndarfulltrúar beðnir um að senda upplýsingar um bankareikning á fjármálastjóra FSN, á netfangið runa@fsn.is. Það hafa alltaf verið greiddar 3 fundaeiningar (stundir) fyrir hvern fund og var það hugsað sem 2 klst. fundur og 1 klst. akstur. Formaður fær tvöfalt. Núna eru flestir fundir styttri og á Teams. FSN/Skólanefnd FSN hefur ekki sett sér neinar reglur/samþykktir varðandi greiðslur til nefndarinnar.

6. Minnispointar skólameistara:

- Skólameistari sótti um í Sprotasjóði vegna innleiðingar á gervigreind í námi og kennslu. Tilgangurinn er að í FSN verði til faglegt lærdómssamfélag í kringum vinnu við innleiðingu gervigreindar. Unnið verður að því í anda lærdómssamfélags með því að styrkja kennara og hæfni þeirra til að þróa nýjar nálganir í skapandi starfi með nýtingu gervigreindar í öllu skólastarfi. Upphafs- og lokamánuður verkefnis: 01.2025 - 12.2025 (12 mánuðir). Það er búið að stofna teymi um innleiðingu gervigreindar í FSN og eru það Gunnlaugur, Loftur, Gísli, Kristín Rós og Birta.
- Nemendafélagið hélt aðalfund og það eru kosningar í gangi fyrir næsta skólaár. NFSN hélt árshátíð í febrúar í Röstinni og fór hún mjög vel fram.
- FSN er að fara í markaðsátak en skólinn fékk eina milljón í styrk frá SSV til að markaðssetja nám við FSN. Það hefur verið samið við James Einar Becker á Bifröst til að vinna kynningarefni fyrir FSN. Einar mun koma hingað í næstu viku.
- Framtíð kennslu í framhaldsdeildinni á Patreksfirði. Starfsmaður í framhaldsdeildinni er að hætta. Skólameistari hefur sagt upp samningi um rekstur framhaldsdeildarinnar og samningi um leigu á húsnaðinu þar sem kennslan fer fram. Það hefur orðið mikil breyting



á kennsluháttum frá upphafi framhaldsdeildar en hún var stofnuð 2007.

Það er ekki búið að taka ákvörðun um að hætta þessu starfi heldur þarf að endurskoða starfsemina og þarf það að gerast hratt. Umræður um að skoða möguleika á aðstöðu til náms í heimabyggð fyrir nemendur Vesturbyggðar með einhverjum hætti. Það er vilji til samstarfs af hálfu FSN.


7. Önnur mál

- Fjármálastjóri sendi tvö erindi á námsstyrkjanefnd Menntasjóðs námsmanna vegna synjunar á jöfnunarstyrk; annars vegar vegna nemenda sem eru búsettir á Patreksfirði og hins vegar vegna nemanda sem er búsettur í Stykkishólmi.

Nemendur í útibúinu á Patreksfirði koma í námslotu í Fjölbautaskóla Snæfellinga þrisvar til fjórum sinnum á önn. Þetta ferðalag er flókið og mjög kostnaðarsamt fyrir nemendur. Nemendurnir þurfa að taka rútu að Brjánslæk (57km) þar sem þau taka ferju (Baldur) í Stykkishólmi. Frá Stykkishólmi taka þau svo aðra rútu á gististað í Grundarfirði (39 km) og/eða í Ólafsvík (64km) þar sem þau gista og greiða fyrir að jafnaði 3 nætur í hvert skipti. Þess má geta að það hefur komið fyrir að ferðir ferjunnar eru felldar niður og eru þetta þá 353 / 368 km hvora leið. Þetta ferðalag er mjög kostnaðarsamt fyrir nemendur og felur í sér mismunun. Tilgangur sjóðsins er að jafna námskostnað og var sjóðurinn beðinn um að skoða þeirra mál með opnum huga, hvort það væri hægt að koma til móts við þessa nemendur með einhverjum hætti. Námsstyrkjanefnd hefur fundað um erindi vegna nemenda á Patreksfirði og er niðurstaðan synjun. Námsstyrkjanefnd mun benda Mennta-og barnamálaráðuneytinu á erindið og athuga hvort það sé vilji til þess að endurskoða lög nr. 79/2003 og reglugerð um námsstyrki nr. 692/2003 með tilliti til m.a. dreifnáms.

Einnig óskaði fjármálastjóri eftir því að mál nemanda sem er búsettur í Stykkishólmi og er í daglegum skólaakstri, fæddur á Íslandi en ekki ísl. ríkisborgari fengi jöfnunarstyrk. Það er búið að benda á alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða sem á ekki við í þessu tilfelli og er málið enn í vinnslu.

- Fulltrúi foreldraráðs, Hinrik Konráðsson formaður boðinn sérstaklega velkominn á sinn fyrsta fund skólanefndar FSN.



Það er mikil ánægja með endurvakið foreldraráð. Á heimasíðu skólans má sjá frekari upplýsingar um [foreldraráð FSN](#). Foreldraráð ætlar að skoða nýjan áfengismæli fyrir skólann.

Fundi slitið klukkan 17:55.

Næsti fundur skólanefndar verður í maí eða júní og munu frekari upplýsingar koma frá skólameistara og formanni skólanefndar fljótlega.